

Fundur stjórnar FFF

13. janúar 2021 kl. 20:00, Teams

Mætt: Karl Þráinsson, Unnur Björnsdóttir, Eyrún Magnúsdóttir, Illugi Gunnarsson og Magnús Már Guðmundsson. Auk þess tók Agnar Freyr Helgason, fulltrúi foreldra í skólaráði, þátt í fundinum.

Forföll: Börkur Hrafn Birgisson og Hrund Hauksdóttir.

Dagskrá:

1. Húsnæðismál

Rætt um húsnæðismál skólans. Borist hafa tilkynningar í vikunni um ný tilfelli sem foreldrar telja að tengjast húsnæði skólans. Fulltrúar foreldra hafa sent nokkur erindi til borgarstjóra, umhverfis- og skipulagssviðs auk kjörinna fulltrúa. Engum spurningum og erindum til borgaryfirvalda frá því í nóvember hefur verið svarað. Fulltrúar foreldra í skólaráði funduðu með umboðsmanni borgarbúa og innri endurskoðenda í byrjun þessarar viku. Skólaráðsfundur verður haldinn nk. miðvikudag þar sem farið verður yfir nýja skýrslu sem byggir meðal annars á nýjum sýnatökum.

2. Gjöf foreldra til starfsfólks

Að frumkvæði nokkurra foreldra var sett af stað söfnun í desember til að standa að morgunverði og gjöf til starfsfólks skólans sem þakklætisvott. Viðbrögðin voru afar jákvæð og komu þeir fjármunir að góðum notum síðasta skóladaginn fyrir jólafrí þegar fulltrúar foreldra mættu í skólann með veitingar, konfekt og túlípana fyrir öflugla starfshópin sem heldur utan börnin í Fossvogsskóla. Auk söfnunarinnar var sjóður foreldrafélagsins notaður til að koma þakklæti til starfsfólks í framkvæmd.

3. Fulltrúi foreldra í íbúaráði

Rætt um fyrirkomulag við skipan fulltrúa foreldrafélaga í hverfinu í Íbúðaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis. Seta í ráðinu færast á milli foreldrafélaga einu sinni á ári. Síðasta ár sat fulltrúi foreldrafélags Hvassaleitisskóla í ráðinu. Ákveðið hefur verið að foreldrafélag Breiðagerðisskóla taki við keflinu fyrir 2021 og að árið 2022 skipi foreldrafélag Fossvogsskóla fulltrúa í íbúðaráðið.

4. Önnur mál

Rætt um veikindaleyfi skólastjóra en foreldrum hefur ekki verið tilkynnt um það.

Fundi slitið kl. 21:05. Fundargerð ritaði Magnús Már.